

**AUGLÝSING**  
**(XIV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga**  
**um úthlutun byggðakvóta.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

**Fjarðabyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2008/2009 fyrir Fjarðabyggð með eftirfarandi viðauka/breytingum:

*Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður:*

- a) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. apríl 2010.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

---

*Hinrik Greipsson.*